

# **PBS á Suðurborg**



# Hvers vegna PBS?

- Stór leikskóli og margir starfsmenn
- Þörf var á að samræma reglur með einföldum og áhrifaríkum aðferðum til að bæta hegðun nemenda.
- Þetta er eitt af fáum kerfum sem býður upp á stuðning handa *öllum* nemendum skólans.

# Einkunnarorð leikskólans



# Kennsluáætlun

- **Kennsluáætlun í samverustund.**
- **Viðfangsefnið/reglan:** Hafa hendur og fætur hjá sér.
- **Til hvers ætlumst við af nemandanum?**
- Að barnið sé ekki að atast í næsta barni (pikka, pota, sparka o.þ.h).
- Að börnin hafi hendur og fætur hjá sér til að koma í veg fyrir slys og árekstra á milli barnanna
- **Útskýrum af hverju reglan er mikilvæg:** Til þess að við séum ekki að trufla eða meiða aðra (**öruggi** – örugg í leik og starfi, **ábyrgð** – berum ábyrgð á okkar eigin höndum og fótum,
- ***umhyggja*** – berum umhyggju hvort fyrir öðru með því að hver passi upp á sig).
- **Hvernig kennum við þessa hegðun?**
- Sýnikennsla (rétt og rangt).
- Minna á rétta hegðun.
- Myndir (Hafa hendur og fætur hjá sér).
- **Listi yfir dæmi um rétta og ranga hegðun:**
- **+Hulda var að lesa sögu í samverustund. Krakkarnir sitja öll kyrr með hendur og fætur hjá sér. Samverustundin var skemmtileg því allir gátu fylgst með.**
- **+Hófý var að syngja í samverustund með krökkunum. Krakkarnir sitja öll kyrr með hendur og fætur hjá sér. Samverustundin var skemmtileg því allir gátu tekið þátt.**
- **-Hulda var að lesa sögu í samverustund. Krakkarnir voru að veifa höndum og dangla fótum. Eitt barnið potaði óvart í augað á öðru barni. Hulda varð að hætta að lesa til að hugga barnið.**
- **-Krakkarnir settust í samverustund, sum þeirra voru að veifa höndum og dangla fótum. Krakkarnir sem vildu syngja með og taka þátt gátu það ekki því krakkarnir sem voru að veifa og dangla höndum og fótum trufluðu svo.**
- **\*Gott að biðja börnin um að segja sögu sjálf – þau búa til einfaldar sögur.**
- **Gefum nemendunum færi á að æfa sig og fullkomna færni:**
- **Hópastund og samverustund.**
- Handbrúðuleikrit: Brúðurnar heita Tikk og Takk brúðurnar sitja hlið við hlið í samverustund, önnur er svo að pikka í hina þá verður hin pirruð og pikkar á móti allt endar í háalofti. Stoppa og tala við börnin. Koma með spurningar erum við með hendur og fætur hjá okkur svona ??? Hvernig eigum við að hafa hendur og fætur hjá okkur???( láta börnin sýna okkur).
- Myndir
- Börnin æfa tvö og tvö saman – leyfa þeim að sýna sjálfum – minna á myndina
- Bæði hópurinn og 1&1 barn – svo við sjálf líka.

# Kennsluáætlun mynd



## Hvernig aðferðirnar nýtast í skólastarfi

- Starfsfólk meðvitaðra um að kenna hegðun.
- Erum farin að hrósa meira ( grípa þau góð).
- Sjáum þetta skila betri hegðun hjá börnunum.

TAKK FYRIR

